

Texti: Ólafur Einarsson

## Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturna 2015–16 og 2016–17


### Svartþröstur á toppnum

Tveir síðustu vetur voru viðburðaríkir að vanda hjá þátttakendum Garðfuglakönnunar. Á fyrri athugunartímabilinu voru skráðar 39 fuglategundir og 43 það seinna, sem er nokkuð yfir 38 tegunda meðaltali frá því að könnunin hófst veturinn 1994–95. Frá upphafi hafa verið skráðar yfir 40 fuglategundir sex sinnum í könnuninni, þar af fimm sinnum frá og með vetrinum 2010–11. Óvenjulegt var að ekki sást nein ný tegund veturinn 2017–18. Slíkt hefur aðeins gerst einu sinni áður (2010–11). Eina nýja tegundin fyrri veturinn var kjói sem sást yfir dæl í garði á Stokkseyri í lok apríl 2016. Það verður að teljast frekar óvenjulegt að kjói sjáist í garði, þeir sjást sjaldan í þéttbýli. En Garðfuglakönnun hefur sýnt fram á að hinir ólíklegustu fuglar birtast í gördum athugenda. Annað dæmi um það er dílaskarfur, sem fjallað er um síðar í þessum pistli. Það er þó eðlilegt að nú dragi úr skráningu nýrra tegunda þar sem könnunin hefur varað í 23 ár.

Tíðarfar var að mestu hagstætt veturinn 2016–17 og var hann óvenjuhlyr, sérstaklega í desember og febrúar. Vorið var hlýtt, einkum norðan- og austanlands. Veturinn 2017–18 var ekki eins hlýr og sá fyrri og var t.d. meðalhiti í Reykjavík einungis 0,6°C hærri en meðaltal tímabilsins 1961–1991. Vorið var verulega úrkomusamt sunnan- og vestanlands en hlýrra var á Norður- og Austurlandi, samkvæmt upplýsingum af vef Veðurstofu Íslands. Í heild var því hagstæð tíð fyrir garðfugla þessa tvo vetur.

### Auðnutittlingum og svartþröstum fjölgar

Skógarþrestir og snjótittlingar hafa í gegnum árin verið einu tegundirnar sem sjást í gördum hjá öllum athugendum. Nú brá svo við að auðnutittlingar sáust í öllum gördum báða veturna sem hér eru til umfjöllunar og það gerðu skógarþrestir einnig. Auðnutittlingar hafa aðeins einu sinni áður sést í öllum gördum en það var veturinn 2010–11. Fóðurgjafir fyrir auðnutittlinga hafa aukist verulega hjá garðfuglaá hugafólki og í sumum gördum eru þeir orðnir



Svartþröstur er líklega að „loka hringnum“ um landið eftir að hafa breiðst út frá Innnesjum, hann sást í fyrsta skipti hjá öllum athugendum veturinn 2017–18. Tegundin hefur verið að dreifa sér um landið allt frá göngunni miklu vorið 2000. Mynd: Jóhann Óli Hilmarsson

mun algengari en snjótittlingar. Fleiri fuglar voru algengari nú en áður. Svartþröstur var skráður í fyrsta sinn í öllum gördum veturinn 2017–18 en tíðni þeirra hefur aukist undanfarin tíu ár. Svartþrestir sáust hjá fjórðungi til helmingi athugenda fyrir landnám hans árið 2000. Svartþröstur var algengur haustflækingur og þeir koma sjálfsagt enn sem slíkir á haustin en nú hitta þeir fyrir svartþresti sem eru hér staðfuglar. Það er þó ekki vitað hvort staðfuglarnir verði til þess að haustflækingar setjist frekar hér að og hjálpi þannig við útbreiðsluna. Áður fyrr hurfu svartþrestir af landi brott að vori og það á reyndar ennþá við um gráþresti, sem eru haustflækingar og tíðir vetrargestir. Þessa tvo vetur voru gráþrestir áberandi og hafa ekki áður sést jafn víða og varð raunin fyrri veturinn, en þá voru þeir skráðir hjá helmingi athugenda. Hrafnar og starar eru á svipuðu róli og undanfarin tímabil og sáust í um 80% af þeim gördum sem fylgst var með í könnuninni. Hrafnar hafa reyndar ekki verið skráðir í jafn fáum gördum frá því fyrir aldamót. Í fyrstu Garðfuglakönnunum sáust hrafnar í rétt um helmingi garða. Á þeim tíma nýttu hrafnar sér garða meira til fæðuöflunar að vetrarlagi. Snjótittlingar voru ekki áberandi fyrri veturinn, enda var hann óvenju hlýr. Hlutfall snjótittlinga hefur reyndar aldrei verið jafn lágt og þá,

þeir sáust einungis hjá 61% athugenda. Þeir heimsóttu fleiri garða veturinn 2017–18 og voru nokkuð nærri meðaltalinu yfir öll athugunartímabil sem er 88%. Músarrindlar sáust víða eins og undanfarin ár og nú brá svo við að þeir voru skráðir í 93% garða síðara athugunartímabilið, sem er nýtt met. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort músarrindlar sjáist jafn víða veturinn 2018–19. Það má ætla að músarrindill sé ein af þeim fuglategundum sem hafi hagnast á vaxandi garð- og skógrækt og hafi í kjölfarið aukið útbreiðslu sína.

Glókollstofninn hlýtur að vera á góðu róli þessi árin. Glókollar komust á blað hjá um 40% athugenda báða veturna og hafa aldrei áður verið skráðir hjá jafn mörgum þátttakendum. Glókollar urðu tíðari gestir í gördum upp úr aldamótum, eftir landnám í kjölfar mikillar haustgöngu árið 1996. Hettusöngvarar hafa oft verið meira áberandi en nú, þeir sáust á fleiri stöðum fyrra tímabilið (28%). Fáir sáu glóbrýstinga fyrri veturinn en þeir voru meira áberandi þann síðari, þá skráðu rúmlega fjórðungur þá í sínum garði. Silkitoppur sáust í 28% garða veturinn 2016–17 en hvergi seinni veturinn. Í tilfelli fjallafinku var annað uppi á teningum. Hún var meira áberandi seinna tímabilið en það fyrra. Smyrlar voru lítt áberandi og í raun aldrei verið

## Tíðni algengustu fuglategunda í Garðfuglakönnun veturna 2016–17 og 2017–18.

Í töflunni eru þær tegundir sem sást í a.m.k. fjórum gördum innan veturinn.

Tegund	2016–17		2017–18	
	Garðar	%	Garðar	%
Auðnutittlingur	18	100	14	100
Fjallafinka	1	5,6	4	29
Glóbrystingur	1	5,6	4	29
Glókollur	7	39	6	43
Grápröstur	5	28	7	50
Hettumáfur	6	33	6	43
Hettusöngvari	5	28	3	21
Hrafn	15	83	11	79
Hrossagaukur	4	22	3	2
Hvitmáfur	4	22	3	21
Músarrindill	12	67	13	93
Silfurmáfur	4	22	3	21
Silkitoppa	5	28	0	0
Silamáfur	4	22	3	21
Skógarpröstur	18	100	14	100
Smyrill	2	11	4	29
Snjótittlingur	11	61	13	93
Stari	14	78	11	77
Svarbakur	4	22	1	7
Svartröstur	15	83	14	100

skráðir hjá jafn fáum athugendum (11%) og veturinn 2016–17. Almennir hefur dregið úr heimsóknnum smyrta frá því að athuganir hófust. Máfar héldu áfram að sjást í sumum gördum. Þar fóru hettumáfur fremstir í flokki og veturinn 2017–18 var í annað skiptið sem þeir voru skráðir í yfir 40% garða. Vaðfuglar sóttu frekar lítið í garðana enda gerðu vorhret vart við sig hvorugt árið. Einungis hrossagaukur náði því að sjást í fjórum gördum. Aðrir vaðfuglar, eins og heidlóa, tjaldur og stelkur heimsóttu örfáa garða.

### Sjaldséðari gestir

Eyrugla var skráð á Tumastöðum veturinn 2017–18 og var það í fjórða sinn sem hún sést í Garðfuglakönnun. Eyrugla hafa verið að nema land og þör með unga hafa aðallega sést á Suðurlandi, eins og kemur fram í umfjöllun um sjaldgæfa varpfugla á bls. 16. Dílaskarfur dúkkadði óvænt upp í sama garði en hann hefur þó sést einu sinni áður og var það veturinn 2003–04. Krossnefur sást ekki veturinn 2016–17 en 2017–18 var hann á tveimur stöðum. Aðrar fáséðar tegundir voru t.d. barrfinka og bókfinka. Fyrri tegundin var skráð í einum

garði fyrri veturinn en tveimur þann síðari. Bókfinka var bara skráð síðari veturinn en á tveimur stöðum. Lauf-söngvari sást í Stykkishólmi haustið 2016. Hann hefur bara einu sinni áður verið skráður hjá athugendum, en það var veturinn 2001–02. Skúfönd var sömuleiðis að sjást í annað sinn og var hún á tjörn í garði á Stokkseyri. Fyrri skiptið sem hún sást var athugunartímabilið 2007–08. Húsdúfa sást ekki hjá neinum eins og undanfarna vetur en bjargdúfa var skráð á einum stað veturinn 2017–18. Dúfur eru að verða sjaldséðari hjá athugendum. Það er líklega tengt því að undanfarin ár hafa sjaldan verið þátttakendur í Garðfuglakönnun frá Austfjörðum, sem er aðal útbreiðslusvæði bjargdúfunnar. Fálki hefur verið sjaldséður í könnuninni en hann hefur þó yfirleitt sést hjá a.m.k. einum athuganda. Nú bar svo við að hann sást hvergi.

### Tegundum fjölgar

Veturinn 2016–17 sáust að meðaltali 10,3 fuglategundir og 12,4 þann seinni. Hjá einum þátttakanda voru minnst skráðar fjórar tegundir veturinn 2016–17 en átta tegundir hjá tveimur athugendum síðara tímabilið. Lágmarkið hefur ekki verið jafn hátt frá því að könnunin byrjaði veturinn 1994–95. Athugendur sjá ennfremur fleiri tegundir í garðinum en upp úr aldamótum. Meðalfjöldi tegunda hefur verið yfir tíu síðustu fjóra vetur.

Bæði athugunartímabilin sem hér eru til umfjöllunar voru Jóhann Óli Hilmarsson og Hlynur Óskarsson með flestar skráðar tegundir. Þeir Jóhann og Hlynur eru nágrennar á Stokkseyri. Þeir hafa aðliggjandi garða og telja þá saman. Þar er fjölbreytt búsvæði og ýmsir andfuglar, máffuglar, vaðfuglar og spörfuglar sjást innan löðamarkanna. Jóhann Óli og Hlynur skráðu 27 tegundir veturinn 2016–17 og 24 tegundir veturinn 2017–18. Engir aðrir þátttakendur skráðu yfir 20 tegundir þessi tímabil.

Fuglar sem hafa verið skráðir í Garðfuglakönnun eru mistíðir. Sautján tegundir (20%) af 86 hafa sést í einhverjum garði öll árin. Þessar tegundir eru fastagestir í gördum athugenda og má nefna þær „megin garðfugla“. Margar tegundir eru sjaldgæfar og hafa bara sést einu sinni (20%) eða tvisvar (15%). Af niðurstöðum má ráða að fjölbreytni

fuglalífs hjá athugendum er að aukast þar sem fleiri tegundir sjást og fuglar eins og svartpröstur, glókollur og krossnefur virðast vera búnar að ná góðri fötfestu. Landnám fjallafinku og barrfinku gengur hægar fyrir sig og sjást þær sjaldnar í gördum athugenda.

Þátttaka félaga þessa tvo vetur var bærileg. Veturinn 2016–17 voru 18 þátttakendur en 2017–18 voru þeir aðeins 14. Athugendur hafa þrisvar verið færri og það ætlar að reynast torvelt að ná a.m.k. 20 þátttakendum (meðaltalið er 18) en þeir voru síðast yfir 20 veturinn 2014–15. Félagar í Fuglavernd eru hvattir til að taka þátt í Garðfuglakönnun. Hún er líklega með einfaldari vísindaverkefnum af þessu tagi sem almenningur getur tekið þátt í. Það má t.d. nýta tímann með morgun- eða hádegismat um helgar til að rýna út í garðinn og skrá hjá sér það sem fyrir augun ber af fuglum. Það er ekki nauðsynlegt að gefa fuglum til þess að taka þátt en það eykur vissulega fjölbreytnina og fjölda fugla ef gefið er fjölbreytt fóður. Viða erlendis leggja fuglaverndarfélag mikla áhersla á þátttöku almennings í vísindaverkefnum enda getur framlag áhugafólks til slíkra verkefna verið ómetanlegt, eins og t.d. með þátttöku í fuglamerkingum og hinum ýmsu fuglatalningum á borð við Garðfuglakönnun. Nánari upplýsingar um Garðfuglakönnun er að finna á vef Fuglaverndar.

Kærar þakkir til þeirra sem tóku þátt í könnuninni þessa tvo vetur. Það er ljóst að líkt og alltaf verður áhugavert að fá inn niðurstöður nýliðins vetrar þar sem fólk veitti því víða athygli að auðnutittlingar hurfu úr gördum er líða tók á veturinn. Hvað varð um auðnutittlingana?

Þátttakendur eru hvattir til þess að senda inn niðurstöður sem fyrst og einnig er rétt að minna á að ef einhver á enn eftir að senda inn eldri niðurstöður þá er um að gera að senda þær sem fyrst á netfangið [gardfugl@gmail.com](mailto:gardfugl@gmail.com)

Eða í pósti til Fuglaverndar merkt:

Garðfuglakönnun  
Fuglavernd  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík